



Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 4. apríl 2005  
Tilvísun: UST20050300165/óaj

## Tilkynning vegna matsskyldu: Breyting á orkunýtingu í Svartsengi. Aukning grunnafls allt að 30 MW.

Vísað er í til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 14. mars sl., þar sem óskað er á líts Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir varðandi matsskyldu þessarar framkvæmdar.

### Framkvæmdasvæðið

Víða á svæðinu eru að finna eldhraun sem hafa að einhverju leyti verið röskuð vegna fyrri framkvæmda. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun hrauna.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá framkvæmdaraðila mun ekkert nýtt land verða brotið undir framkvæmdirnar. Umhverfisstofnun vill benda á að ef í ljós kemur á framkvæmdatíma að raska þurfí áður óröskuðu hrauni skal skv. ofangreindum lögum leita umsagnar stofnunarinnar áður en farið verður í framkvæmdir.

### Framkvæmdin

Tilgangur með framkvæmdinni er „*að fullnýta háhitaholur á svæðinu og nýta orkuna mun betur en nú er gert*“ . Byggt verður nýtt orkuver og kæliturn auk þess sem borholu SVAH-21 verður tengd við orkuverið og lagnir frá borholu SVAH-14 verða endurnýjaðar.

### Bygging orkuvers

Gert er ráð fyrir að byggt verði 2000 m<sup>2</sup> orkuver, sem kallað verður Orkuver 6. Hæð orkuversins verður 17 m, svipað og núverandi Orkuvers 5. Orkuverið verður staðsett á núverandi framkvæmdasvæði. Gengið verður frá fyrirhuguðu byggingarsvæði að loknum framkvæmdum.